

Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Tvöföldun Reykjanesbrautar

Frá Krýsuvíkur afleggjara að mörkum Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Vogar

Skipulagslýsing

Mars 2020



HAFNARFJÖRÐUR

Efnisyfirlit

1	Yfirlit	2
1.1	Stefna bæjarstjórnar	2
1.2	Viðfangsefni	4
1.3	skipulagslýsing	4
2	Helstu forsendur	4
2.1	Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025	4
2.2	Hafnarfjörður – þétting byggðar 2016	6
2.3	Landsskipulagsstefna 2015-2026	7
2.4	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040	8
2.5	Aðliggjandi sveitarfélög	8
3	Viðfangsefni	9
4	Áhrifamat, umhverfismat áætlunar	9
4.1	Áhrif fornleifa á legu Reykjanesbrautar	10
4.2	AÐALSKIPULAGS BREYTING	10
4.3	Umsagnaraðilar	11
4.4	Ábendingar og athugasemdir vegna lýsingar	11
5	Skipulagsferli, kynning og samráð	12
5.1	Verkáfangar	12

1 YFIRLIT


Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulaginu áður en gengið verður frá breytingartillögum til kynningar og auglýsingar. Lýsingin er sett fram og kynnt í upphafi verks í samræmi við 30. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til þess að almenningur, umsagnaraðilar og hagsmunaaðilar fái upplýsingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu og geti sett fram sjónarmið, athugasemdir og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagstillagna.

1.1 STEFNA BÆJARSTJÓRNAR

Á fundi skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar þann 28.01.2020. var eftirfarandi samþykkt:


„Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar á núverandi vegstæði, frá Krýsuvíkurvegi að mörkum Sveitarfélagsins Voga í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar bæjarstjórnar.“

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti samþykkt Skipulags- og byggingaráðs á fundi sínum þann 05.02.2020.




Hlutamynd sem sýnir áætlaða legu Reykjanesbrautar samkvæmt samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar á þessu svæði þar sem Reykjanesbraut liggur við álver. Á myndunum hér að neðan má sjá muninn aðalskipulagsuppráttum frá 1995 til dagsins í dag.



Hlutamynd úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, er sýnir þá áætlaða legu Reykjanesbrautar.



Hlutamynd úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, er sýnir þá áætlaða legu Reykjanesbrautar.

1.2 VIÐFANGSEFNI

Til skoðunar er svæði sem tekur til tvöföldunar á Reykjanesbraut frá núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar við afleggjara til Krýsuvíkur að mörkum Hafnarfjarðar og sveitarfélagsins Vogar. Um er að ræða breikkun á núverandi vegarstæði, þannig að það rúmi alls fjórar akstursgreinar, tvær í hvora átt ásamt tilheyrandi umferðarmannvirkjum, öryggissvæðum og tæknibúnaði sem fylgir slíkum mannvirkjum. Jafnframt tekur það til breytinga á aðliggjandi skipulagssvæðum sem breytingin nær til eða hefur áhrif á. Nánar er gerð grein fyrir svæðinu í 3. kafla.

1.3 SKIPULAGSLÝSING

Í lýsingu er gerð grein fyrir helstu forsendum, fyrirliggjandi stefnu, áformuðum breytingum og fyrirhuguðu skipulagsferli. Leitað verður umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

Fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi verða síðan settar fram á breytingarblöðum þar sem gerð verður nánari grein fyrir breytingum á skipulagsuppdraetti og skipulagsákvæðum, helstu forsendum og umhverfisáhrifum breytinganna. Breytingatillögur verða auglýstar í samræmi við ákvæði skipulagslaga með a.m.k. 6 vikna athugasemdafresti. Í deiliskipulagi verða sett ákvæði um gerð, legu og tæknilegur upplýsingar um veg og vegarstæði.

2 HELSTU FORSENDUR

2.1 AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR 2013-2025

Í gildandi greinagerð aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 segir um Reykjanesbraut:

Á bls. 12

Ný lega fundin fyrir færslu Reykjanesbrautar, hún tvöfölduð í nýju vegstæði. Eystri tengibraut frá Reykjanesbraut að Ofanbyggðavegi felld niður og verður að innanhverfisvegi.

Á bls. 92

Helstu breytingar sem áttu sér stað á árunum 1995-2013 voru að Reykjanesbraut hefur færst upp fyrir kirkjugarð og staðfest var lega brautarinnar í Kaplakrika. Þá hefur Reykjanesbraut verið tvöfölduð frá sveitarfélagsmörkum við Garðabæ hjá Kaplakrika að tengingu við Kaldárselsveg. Áætlað er að brautin verði tvöfölduð áfram vestur fyrir sveitarfélagamörkin með nýjum mislægum gatnamótum við Straumsvík. Um bráðabirgðalausn er að ræða með hringtorgi við Lækjargötu/ Lækjarberg, en þegar umferðarpungi krefst þess, er áætlað að Reykjanesbraut öll verði 4 akreina stofnbraut með mislægum gatnamótum. Varðandi tengingu gatnamóta Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar við byggð á Hvaleyrarholti, hefur verið unnin lausn á tengingu við Suðurbraut, sem tryggir umferðaröryggi í framhaldi framkvæmdanna. Stefnt er að endurhönnun á Fjarðarhrauni og er gert ráð fyrir tvöföldun götunnar og endurskoðun tenginga við hverfin umhverfis. Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að Hafnarfjarðarvegur frá miðbæ Garðabæjar að Engidal verði 4 akreinar með mislægum gatnamótum til

að minnka umferðarstíflur og tafir. Skoða þarf öryggismál á Reykjanesbraut, þar sem um hana fara m.a. flutningsbílar með hættuleg efni, sbr. Áhættumat fyrir Hafnarfjörð, 2011.

Á bls. 93

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 var gert ráð fyrir að Reykjanesbraut yrði færð í nýja legu sunnan Straumsvíkur ef í framtíðinni verður farið í stækkun Álversins í Straumsvík. Við nánari rannsókn vegstæðisins kom í ljós að vegna fornleifa og náttúruminja í vegastæðinu þurfti að færa það sunnar og lengja til muna, og í endurskoðun aðalskipulagsins er brautin sett í nýtt vegstæði í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar, sem unnin var í samvinnu við Vegagerðina.

Á bls. 94

Ofanbyggðavegur mun tengjast gatnakerfi Garðabæjar. Hann er nauðsynlegur sem tenging fyrir framtíðar íbúðarsvæði á Völlum, Áslandi og Hamranesi, auk þess sem honum er ætlað að taka við stórum hluta af þeim þungaflungaflutningum sem nú fer um Reykjanesbraut.

Á bls. 137

Samkvæmt endurskoðaðri umferðarspá 2012 er þróun umferðar á eftirtöldum þremur stöðum á stofnbrautum í Hafnarfirði þessi; umferð bíla á sólarhring í þúsundum:

Staðir á stofnbrautakerfi	2004	2030 án Ofanbyggðavegar	2030 með Ofanbyggðavegi
Reykjanesbraut við Kaplakrika	29	47	29
Reykjanesbraut við Ásvelli	11	23	12
Hafnarfjarðarvegur við Engidal	24	27	22

Tafla 31. Áætluð umferð á helstu götum

Samkvæmt þessari spá mun umferð á Reykjanesbraut aukast um tæplega 20 þúsund bíla á sólarhring við Kaplakrika frá 2004 til 2030 og orðin nokkur hætta á talsverðum töfum, enda umferðin orðin um 90% af afkastagetu götunnar. Þetta kallar á mislæg gatnamót, sem ekki er auðvelt að leysa á þessum stað. Þá mun umferð aukast um rúmlega 10 þúsund bíla við Ásvelli, sem þýðir tvöföldun frá núverandi umferð. Ekki er reiknað með að umferð á Hafnarfjarðarvegi við Engidal aukist að neinu ráði. Með tilkomu Ofanbyggðavegar gjörbreytist þetta mynstur, engin aukning verður á Reykjanesbraut við Kaplakrika eða Ásvelli, og nokkur fækkun á Hafnarfjarðarvegi við Engidal.

2.2 HAFNARFJÖRÐUR – ÞÉTTING BYGGÐAR 2016

Í greingerð starfshóps um þéttingu byggðar í Hafnarfirði kemur fram, að Reykjanesbrautin er helsta umferðaræð bæjarins. Hún er stærsta umferðaræðin í gegnum bæinn og aðalleiðin til og frá bænum. Um hana segir m.a. á bls. 54 í greinagerðinni

Reykjanesbraut er og verður ein helsta áskorun Hafnarfjarðarbæjar í samgöngumálum. Fyrsta skrefið í þeim áskorunum er að bærinn setji sér stefnu um hvers eðlis Reykjanesbrautin á að vera til framtíðar. Það sama á reyndar við um allt gatnakerfi bæjarins. Í dag eru gatnanetið flokkað í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur eins og sést á mynd á næstu síðu.

Umferðarreikningar sem framkvæmdir voru í tengslum við Aðalskipulag Hafnarfjarðar sýnir skýrt mikinn vöxt í umferð. Í græna dálkinum "Talning 2014" er umferðartalningar framkvæmdar 2014 í dálknum

"Reiknuð umferð 2025" má sjá umferðarreikninga sem miðast við þá uppbyggingu sem Aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir árið 2025. Í síðasta dálkinum má síðan sjá vöxtinn í umferð á milli 2014 og 2025 sem er á flestum stöðum á bilinu 60-70%.

	Talning 2014	Reiknuð umferð 2025	Mismunur %
Hafnarfjarðarvegur v. Sjáland	30.800	50.000	62%
Fjarðarhraun v. Fjarðarkaup	20.900	23.000	10%
Reykjanesbraut milli Ikea og Vífilsstaðavegar	35.500	46.000	30%
Brú yfir Fjarðarbraut	22.300	36.000	61%
Vestan við álver	12.100	18.000	49%
Álftanesvegur	9.300	18.000	94%
Reykjanesbraut milli N1 og Kaplakrika	27.300	47.000	72%
Strandgata við Drafnarsvæði	11.400	19.000	67%

2.3 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Ekki er í landsskipulagsstefnu 2015-2026 beint fjallað um Reykjanesbraut en þar er m.a. hvatt til þess að vegakerfið í núverandi mynd verði bætt vegna mikillar aukningar á ferðamönnum. Reykjanesbrautin er trúlega sá vegakafli sem allir ferðamenn sem sækja Ísland heim fara um. Þar segir m.a.

Í heildarúttekt Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) á umhverfismálum á Íslandi 2001–2013 kemur fram að íslensk náttúra hafi gegnt lykilhlutverki í efnahagsbata landsins, m.a. vegna aðdráttarafls hennar fyrir erlenda ferðamenn. Jafnframt segir að hinni miklu fjölgun ferðamanna sem átt hefur sér stað undanfarin ár fylgi töluvert álag á náttúru landsins.

Nú þegar eru dæmi um að vinsælir ferðamannastaðir séu komnir að þolmörkum vegna mikillar umferðar. Umhverfisstofnun hefur þrívægis tekið saman lista yfir friðlýst svæði sem eiga á hættu að glata verndargildi sínu. Síðast var slíkur listi tekinn saman í byrjun árs 2014 en þá voru fimm svæði talin vera í verulegri hættu á að missa verndargildi sitt eða hafa tapað því að hluta og 17 svæði talin vera í hættu á að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Samkvæmt Umhverfisstofnun eru mannleg umsvif sá þáttur sem helst ógnar verndargildi svæða og vegur álag vegna ferðamanna einna þyngst. Vaxandi ferðaþjónusta fylgir ekki eingöngu aukið álag á vinsæla ferðamannastaði. Hröð uppbygging ferðaþjónustu og aukin umferð getur einnig reynt á þolmörk samfélaga og innviði landsins.

2.4 SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2040

Í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæði 2040 segir

Vesturlandsvegur um sundin (Sundabraut) og tenging Reykjanesbrautar ofan byggðar á sunnanverðu höfuðborgar-svæðinu til að beina fjarumferð framhjá þéttbýli, þ.e. nýjar útfærslur meginstofnvega eins og þeir eru í dag, verða áfram til skoðunar. Sveitarfélögin taka frá rými í skipulagsáætlunum fyrir mögulegar tilfærslur þessara meginstofnvega. Gengið verður út frá að Sundabraut verði hluti af norður-suður megin-stofnvegi, verði hún byggð á skipulagstímabilinu, en samhliða fari núverandi Vesturlandsvegur norðan Suðurlandsvegar úr flokki meginstofnvega. Sama gildi um mögulega nýja útfærslu Reykjanesbrautar.

Af þessu má ljóst vera að allar meginforsendur frá skipulagslegu sjónarmiði sem lúta að tvöföldun Reykjanesbrautar eru fyrir hendi.

2.5 AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLÖG


Viðfangsefni áformaðra breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar varða hagsmuni aðliggjandi sveitarfélaga.

Þau sveitarfélög sem hagsmuni eiga að gæta í þessari skipulagsbreytingu eru:

Sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu.

Sveitarfélagið Vogar

Reykjanesbær



Þau sveitarfélög sem mynda höfuðborgarsvæðið

3 VIÐFANGSEFNI

Fyrirhugað vegstæði



Fyrirhugað vegstæði fært inn á loftljósmynd.

Aðalskipulagsbreytingin gerir ekki ráð fyrir mismögum gatnamótum við norður enda álverins í Straumsvík eða vegamót vestan Rauðamels.

4 ÁHRIFAMAT, UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR

Ekki liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna mögulegra breytinga á þeim vegkafla sem er hér til skoðunar. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, oft skammstafað **MÁU**, er ákveðin aðferðafræði sem beitt er til þess að meta á skipulagðan og þverfaglegan hátt hugsanleg áhrif framkvæmda á umhverfi, jafnt á framkvæmdar- sem og rekstrartíma. Um er að ræða matsferli sem skiptist í nokkur stig og er undanfari framkvæmda er tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þannig er óheimilt að gefa út framkvæmdarleyfi fyrr en ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd er annað hvort ekki matsskyld, eða að umhverfismat hefur farið fram og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir, sbr. ákvæði 13. gr. laganna.

Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal við gerð skipulagsáætlana gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Við vinnslu breytingartillagna verða metin möguleg áhrif skipulagskosta á umhverfi og samfélag eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðilar bera ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þeir óska eftir ákvörðun um það hvort tilkynningarskyldar framkvæmdir skuli háðar umhverfismati og vinna að og leggja fram skýrslu um mat á umhverfisáhrifum matskyldra framkvæmda.

Sveitarfélög veita byggingar- og framkvæmdaleyfi, sem veitt eru eftir að umhverfismati framkvæmdar er lokið. Sveitarstjórnir taka jafnframt ákvarðanir um hvort tilteknar tilkynningarskyldar framkvæmdir skuli háðar umhverfismati. Álitinu er eingöngu ætlað að vera leiðbeinandi fyrir leyfisveitendur, til upplýstrar og faglegrar ákvörðunartöku.

Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfi og samfélag verða metin í **MÁU**.

3.3 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Garðabær
- Kópavogur
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
- Minjastofnun Íslands

Samkvæmt ákvæði 23. tl. 2. gr skipulagslaga nr. 123/2010 eru umsagnaraðilar skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum.

3.4 ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR VEGNA LÝSINGAR

Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef sveitarfélagsins <http://www.hafnarfjordur.is/> og verður hún aðgengileg á bæjarskrifstofum Hafnarfjarðar. Á kynningartíma lýsingarinnar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum um fyrirhugaðar breytingar frá almenningi og umsagnaraðilum.

Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar **Aðalskipulag – Tvöföldun Reykjanesbrautar** og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar
Norðurhella 2
221 Hafnarfirði eða á netfangið:
skipulag@hafnarfjordur.is

Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar (<http://www.hafnarfjordur.is>).

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 VERKÁFANGAR

- Lýsing aðalskipulagsbreytingar
 - Auglýsing og kynning
 - Lýsing send umsagnaraðilum
 - Auglýstur almennur kynningarfundur
- Drög að breyttu aðalskipulagi kynnt sbr. 30. gr. skipulagslaga
 - Gengið frá breytingartillögu
- Breytingartillaga afgreidd af skipulagsnefnd og bæjarstjórn til auglýsingar
- Tillagan send Skipulagsstofnun til yfirferðar
- Auglýsing, 6 vikna athugasemdafrestur
 - Yfirferð athugasemda
 - Skipulagsnefnd gerir tillögu um afgreiðslu athugasemda
- Samþykkt bæjarstjórnar
- Staðfesting Skipulagsstofnunar

